

27. september 2017

## Fundargerð

### Umhverfisnefnd Brimvers-Æskukots

Fyrsti fundur var haldinn á bókasafni BES á Stokkseyri.

Mætt: Bryndís, Hekla, Hreindís, Hugl, Ívan, Kolbrún, Steindór, Sölvi og Þorbergur. Starfsmenn leikskólans, Ásgerður, Eva og Sólrún, Viktoría verkefnastjóri og Hafdís bókasafnsvörður.

Nefndin var skipuð. Í dag töluðum við um það sem við vitum nú þegar um grænfána verkefnið til dæmis hvernig á að flokka ruslið okkar, hvernig á að koma í veg fyrir matarsóun og hvernig á að spara rafmagn. Allir þessir þættir eru mikilvægir til þess að koma sem best fram við náttúruna og umhverfið okkar.

Í dag einblíndum við á líkamann okkar, andlega- og líkamlega heilsu og líðan. Töluðum um það hversu frábær og einstakur líkaminn okkar er og lásam í bókinni: *Kroppurinn er kraftaverk*. Enduðum á að tala um að við, sem fulltrúar í umhverfisnefnd, eigum að bera út boðskapinn og miðla honum til samnemenda okkar á Brimveri og Æskukoti.